

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Vaðstígur 1, L227910, 3, L227911 og 5, L227912.

Gerð er óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi fristundasvæðis í landi Kringlu 2, sem felur í sér að nýtingarhlutfall verði 0,03, þakhalli 0-45 gráður og á hverri lóð megi auk aðalhúss reisa eitt aukahús allt að 40 m² og kælikýli/smáhýsi allt að 15 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Vesturkantur 6, L169407.

Gerð er óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi á lóðinni Vesturkanti 6, L169407, sem felur í sér að legu lóðarmarka milli lóðanna Vesturkants 6 og 6a er breytt. Byggingarreitur er gerður utan um núverandi sumarhús á Vesturkanti 6 og byggingarreit á lóð 6a breytt til samræmis við legu lóðar.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. maí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2020